# Árborg – Stekkjaskóli, nýr grunnskóli

**Mat á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011**

Febrúar 2021



# Yfirlit


| | Síða |
|---|---|
| **Inngangur** | 3 |
| **Niðurstöður** | 4 |
| **Framkvæmdin – áætlanir og forsendur** | 5 |
| **Fjárhagsáætlun Árborgar 2021-2024** | 8 |



**Tengiliðir KPMG vegna matsins:**

**Auðunn Guðjónsson**
Endurskoðunarsvið
*Partner*

*KPMG ehf.*
*agudjonsson@kpmg.is*

**Björgvin Guðmundsson**
Endurskoðunarsvið
*Verkefnastjóri*

*KPMG ehf.*
*bgudmundsson@kpmg.is*


**Fyrirvari**

- KPMG var falið sem aðila ótengdum Sveitarfélaginu Árborg að gera mat á fjárhagslegum áhrifum byggingar á Stekkjaskóla í Árborg. Er það gert í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður matsins í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.
- Til grundvallar matinu liggur samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins frá 16. desember 2020 sem gerð er í samræmi við sveitarstjórnarlög fyrir árin 2021-2024.
- KPMG hefur ekki kannað sérstaklega áreiðanleika þeirra upplýsinga t.a.m. með framkvæmd áreiðanleikakönnunar, en varað er við að niðurstaða slíkar könnunar gæti leitt til þess að undirliggjandi gögn eða mat á þeim breytist og þar af leiðandi niðurstöður KPMG. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst nákvæmni eða áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. Gert er ráð fyrir að lesendur rýni í þessi gögn og annað það er liggur til grundvallar niðurstöðum KPMG.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli matsins. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli greiningarinnar eða niðurstaðna sem í matinu eru, er hjá sveitarfélaginu sem verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Inngangur

Í 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er m.a. fjallað um miklar fjárfestingar og skuldbindingar sveitarfélaga en þar segir:

*„Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.*

*Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.“*

Þann 13. janúar sl. óskaði Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri í Sveitarfélaginu Árborg eftir að KPMG leggi sérstakt mat á áhrif skólabyggingar Stekkjaskóla (1. áfanga) á fjárhag sveitarfélagsins í samræmi við 66. greinina. Matið er byggt á fjárhagsáætlun Árborgar 2021-2024 sem var samþykkt í bæjarstjórn þann 16. desember 2020 og upplýsingum sem starfsmenn Árborgar hafa látið KPMG í té.

## Ástæða fyrir mati á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. grein sveitarstjórnarlaga

Áætlaðar skatttekjur (útsvar og fasteignaskattur) Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2021 samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun nema um 7,4 ma.kr. og framlög Jöfnunarsjóðs nema um 1,5 ma.kr. samtals 8,9 ma.kr. Áætlaður framkvæmdakostnaður vegna 1. áfanga Stekkjaskóla er um 2,9 ma.kr. og aðrir liðir tengdir fjárfestingu 1. áfanga eru áætlaðar um 200 millj.kr. Samtals nemur heildarfjárfesting því um 3.1 ma.kr. eða 34% af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins árið 2021 og því ljóst að framkvæmdin er matsskyld í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga. Ljóst er að framkvæmdin hefur veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélagsins vegna umfangs fjárfestingarinnar.

Skatttekjur sveitarfélagsins eru eftirfarandi samkvæmt ársreikningi 2019 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2021-2024:

| Fjárhagsáætlun - A hluti | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Stekkjaskóli | Rauntölur | Útkomuspá | Fjárhagsáætlun | | | |
| *fjárhæð í ma.kr.* | 1. áfangi | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
| Útsvar og fasteignaskattur | | 6,1 | 6,6 | 7,4 | 8,2 | 9,0 | 9,8 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 1,7 | 1,5 | 1,5 | 1,6 | 1,6 | 1,7 |
| **Samtals skatttekjur til grundvallar** | | **7,8** | **8,1** | **8,9** | **9,8** | **10,6** | **11,4** |
| **Fjárfesting*** | **3,1** | | | | | | |
| Fjárfesting / skatttekjum | | 39% | 38% | 34% | 31% | 29% | 27% |

*Fjárfesting í Stekkjaskóla, 1. áfanga byggir á samþykktri áætlun 2021-2024 og útkomuspá 2020



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Niðurstöður

## Fjárfesting Stekkjaskóli

Sveitarfélagið Árborg samþykkti fjárhagsáætlun 2021-2024 þann 16. desember 2020. Áætluð fjárfesting vegna 1. áfanga Stekkjaskóla er samtals um 3,1 ma.kr. í útkomuspá 2020 og áætlun 2021-2022.

Í útkomuspá voru áætlaðar um 300 millj.kr. vegna gatnagerðagjalda og 150 millj.kr. vegna undirbúnings, samtals 450 millj.kr.

Þannig greinist áætluð fjárfesting vegna Stekkjaskóla:

| Fjárfesting 2020 og áætlun 2021-2022 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Fjárhæðir í m.kr.* | 2020 (útk.spá | 2021 | 2022 | Samtals |
| **1. áfangi - Grunnskóli** | | | | |
| *Samþ. framkvæmdaráætlun* | *450* | *950* | *1.450* | ***2.850*** |
| *Annar kostn./kaup á búnaði* | | *50* | *150* | ***200*** |
| **Samtals kostnaður** | **450** | **1.000** | **1.600** | **3.050** |

## Rekstrarkostnaður og fjármagnskostnaður

Rekstrarkostnaður, afskriftir, fjármagnsgjöld og rekstur skólans er áætlaður samtals um 925 millj.kr. á tímabilinu 2020-2024. Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra mun rekstur skólans að einhverju leyti létta á öðrum skólum í sveitarfélaginu, þannig að starfsfólk og nemendur flytjast á milli skóla.

## Uppbygging innviða

Hér er ekki lagt mat á hvort fjárfestingin sé nauðsynleg sem liður í innviðauppbyggingu sveitarfélagsins. Þá er ekki lagt mat á hvort sveitarfélagið hafi mögulega önnur úrræði við innviðauppbyggingu vegna grunnskólareksturs.

Við mat á áhrifum fjárfestingarinnar er gert ráð fyrir öllum öðrum fjárfestingarverkefnum samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2021-2024 og ekki metin áhrif af þeim á fjárhag sveitarfélagsins með sama hætti og af fjárfestingu í Stekkjaskóla.

## Niðurstaða

Fjárfesting í sveitarfélaginu er veruleg á tímabilinu 2020-2024 og að miklu leyti fjármögnuð með lántökum, þannig að skuldsetning og afborganir lána aukast. Samkvæmt áætlun mun handbært fé frá rekstri ekki standa undir afborgunum lána á árunum 2020-2024.

Miðað við samþykkta fjárhagsáætlun 2021-2024 verður áætlað skuldaviðmið 152% í árslok 2024 og framlegðarhlutfall 13,9%. Sveitarfélagið nær ekki viðmiði um jafnvægisreglu á árunum 2021-2023. Samkvæmt því mun sveitarfélagið ekki standast skilyrði 1. og 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. (jafnvægisreglu og skuldareglu).

Í kjölfar Covid-19 gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra heimild til bráðabirgða er leyfir sveitarfélögum að víkja frá skilyrðum um jafnvægis- og skuldareglu við stjórn sveitarfélaga árin 2020-2022.

Í áætlun sveitarfélagsins er gert ráð fyrir umtalsverðri fjölgun íbúa eins og verið hefur undanfarin ár, og því fylgir uppbygging innviða og fjárfrekar framkvæmdir. Stekkjaskóli er grunnskóli sem verður nýttur í grunnþjónustu sveitarfélagsins og fjárfesting og rekstur hans mun hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins.

Samhliða hraðri uppbyggingu og fjölgun íbúa fylgja einnig auknar útsvars- og fasteignagjaldatekjur. Til lengri tíma litið ættu auknar tekjur að standa undir uppbyggingu og rekstri innviða í sveitarfélaginu eins og Stekkjaskóla.

Útlit er fyrir að til skemmri tíma verði fjárhagur sveitarfélagsins erfiður vegna mikilla framkvæmda og aukinnar skuldsetningar. Hærri útsvars- og fasteignagjaldatekjur eiga að geta staðið undir rekstri og framkvæmdum til lengri tíma standist spár um íbúafjölgun.

Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að setja sér skýr markmið til að ná jafnvægi í rekstri og ná að standa undir skuldbindingum sínum til lengri tíma.



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Framkvæmdin – áætlanir og forsendur

# Stekkjaskóli - kostnaðaráætlun

## Áætlun fjárfestingar Stekkjaskóla

- Stærð skólans í fyrsta áfanga er 4.500 m$^2$ og framkvæmdartími er 2020-2022. Verklok eru áætluð á miðju ári 2022.
- Stekkjaskóli verður rekinn í tímabundnu skólahúsnæði frá haustinu 2021 og áætlað er að taka fyrsta áfanga skólabyggingar í notkun haustið 2022.
- Framkvæmdarkostnaðar er 450 millj.kr. skv. útkomuspá fyrir árið 2020. Um er að ræða kostnað vegna gatnagerðargjalda, lóðarundirbúning og annan undirbúningskostnað.
- Framkvæmdarkostnaður vegna 1. áfanga skólans er áætlaður um 950 millj.kr. árið 2021 og 1.450 ma. kr. árið 2022.
- Annar kostnaður (lausabúnaður og tímabundinn skóli) vegna framkvæmdarinnar er áætlaður 50 millj.kr. árið 2021 og 150 millj.kr. árið 2022.
- Samtals er framkvæmdarkostnaður áætlaður 3.050 ma.kr.
- Upplýsingar byggja á fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins og er unnin á framkvæmdasviði Sveitarfélagsins Árborgar.

| Fjárfesting 2020 og fjárfestingaráætlun 2021-2022 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Fjárhæðir í m.kr.* | **2020** | **2021** | **2022** | **Samtals fjárfest.** |
| **1. áfangi - Grunnskóli** | | | | |
| *Fasteignafélag Árborgar / Stekkjaskóli* | *450* | *950* | *1.450* | ***2.850*** |
| *Stekkjaskóli - lausabúnaður (tímabundinn skóli og 1. áfangi)* | | *50* | *150* | ***200*** |
| **Samtals kostnaður** | **450** | **1.000** | **1.600** | **3.050** |

## Fjármögnun og eignfærsla

- Fasteignafélag Árborgar (A-hluta sjóður) sér um rekstur og fjárfestingu Stekkjaskóla og er áætlað að fjárfestingin sé að öllu leyti fjármögnuð með lánum frá Lánasjóði sveitarfélaga.
- Í samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2021-2024 eru ekki sett inn áhrif af rekstri húsbyggingarinnar eftir að hún er tekin í notkun. Þá er ekki reiknuð innri leiga vegna Stekkjaskóla milli sjóða í áætlun.
- Gera má ráð fyrir miðað við 3,1 ma.kr. fjárfestingu að árlegur rekstrarkostnaður vegna viðhalds, fasteignagjalda og trygginga sé um 50-60 millj.kr.



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Stekkjaskóli - kostnaðaráætlun

## Áætlun rekstrarkostnaðar Stekkjaskóla

Í samþykktri fjárhagsáætlun 2021-2024 er gert ráð fyrir að starfsemi hefjist í Stekkjaskóla árið 2021. Áætlaður viðbótarrekstrarkostnaður vegna skólans (án húsnæðiskostnaðar) greinist þannig í áætlun:

- Árið 2021 – 56 millj.kr.
- Árið 2022 – 64 millj.kr.
- Árið 2023 – 73 millj.kr.
- Árið 2024 – 83 millj.kr.
- Samtals 277 millj.kr.

**Aðalsjóður**
**04 - Fræðslu- og uppeldismál**
**2 - Grunnskólar**
**04219 - STEKKJASKÓLI BJÖRKUSTYKKI**

| | Útkomu-spá 2020 | Áætlun 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | |
| Aðrar tekjur..... | 0 | 3.990 | 5.300 | 6.700 | 8.000 |
| | 0 | 3.990 | 5.300 | 6.700 | 8.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld..... | 0 | 46.837 | 49.273 | 51.293 | 53.447 |
| Annar rekstrarkostnaður..... | 198 | 13.853 | 20.500 | 28.500 | 38.000 |
| | 198 | 60.690 | 69.773 | 79.793 | 91.447 |
| Samtals | ( 198 ) | ( 56.700 ) | ( 64.473 ) | ( 73.093 ) | ( 83.447 ) |

## Forsendur

Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra sveitarfélagsins munu nemendur og kennarar í öðrum skólum í Sveitarfélaginu Árborg flytja yfir í Stekkjaskóla. Þannig mun kostnaður í heild á rekstri grunnskóla ekki hækka verulega fyrstu árin.

Í áætlun er ekki reiknuð innri leiga af húsnæðinu og ekki tekjufærð hjá Fasteignafélagi Árborgar (A hluta sjóður), þ.a.l. eru engin áhrif á samstæðu A hluta.

## Íbúaþróun

Í árslok 2019 voru í íbúar í Árborg 10.025. Undanfarin ár hefur íbúafjölgun verið hröð í sveitarfélaginu og spáð er áframhaldandi fjölgun íbúa.




Heimild Hagstofa Íslands og spá 2020-2024 skv. samþykktri áætlun Árborgar 2021-2024



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

KPMG

# Fjárhagur og Fjárhagsáætlun Árborgar 2021-2024

# Fjárhagur Árborgar áætlun 2021-2024

## Fjárhagsleg staða

Samkvæmt ársreikning 2019 var skuldaviðmið A og B hluta 105% og 120% í útkomuspá 2020. Uppsafnaður rekstrarjöfnuðu þriggja ára var jákvæður tímabilið 2017-19 um 588 millj.kr. og skv. útkomuspá tímabilið 2018-20 um 62 millj.kr. Veruleg fjárfesting er fyrirhuguð á árunum 2021-2024. Skuldaviðmið fer upp fyrir 150% sem er viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Rekstrarjöfnuður þriggja ára er áætlaður neikvæður fyrir tímabilin 2019-21, 2020-22 og 2021-23, en verður jákvæður fyrir tímabilið 2022-24.

## Fjárhagsáætlun 2021-2024 – samþykkt í bæjarstjórn þann 16. des. 2020

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Árborgar er gert ráð fyrir fjárfestingu vegna Stekkjaskóla á tímabilinu 2020-2022 og rekstrarkostnaður skólans er í samþykktri í áætlun.

| Fjárhagsáætlun - A og B hluti, samþykkt í bæjarstjórn 16. des. 2020 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rauntölur | Útkomuspá | Fjárhagsáætlun | | | |
| *fjárhæð í millj.kr.* | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
| Rekstrartekjur | 10.306.037 | 11.278.072 | 12.844.740 | 13.698.617 | 14.932.587 | 15.513.817 |
| Rekstrargjöld | ( 9.554.426 ) | (10.894.163 ) | (12.687.072 ) | (13.298.041 ) | (13.832.928 ) | (14.357.914 ) |
| Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.) | ( 640.509 ) | ( 624.051 ) | ( 606.413 ) | ( 744.920 ) | ( 840.879 ) | ( 895.932 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** | **111.103** | **( 240.142 )** | **( 448.746 )** | **( 344.344 )** | **258.780** | **259.971** |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 18.768.818 | 21.229.114 | 24.610.252 | 27.795.758 | 30.031.730 | 31.011.028 |
| Eigið fé | 5.484.032 | 5.243.887 | 4.795.141 | 4.450.796 | 4.709.576 | 4.969.547 |
| Skuldir og skuldbindingar | 13.284.786 | 15.985.227 | 19.815.111 | 23.344.962 | 25.322.154 | 26.041.481 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Handbært fé í upphafi | 49.123 | 22.979 | 73.738 | 145.421 | 138.034 | 120.961 |
| Handbært fé frá rekstri | 877.853 | 669.158 | 690.962 | 984.565 | 1.753.292 | 1.866.371 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 1.502.568 ) | ( 2.523.537 ) | ( 3.007.179 ) | ( 2.422.678 ) | ( 3.194.183 ) | ( 1.987.685 ) |
| Stekkjaskóli | | ( 450.000 ) | ( 1.000.000 ) | ( 1.600.000 ) | 0 | 0 |
| Lántaka | 1.200.000 | 3.060.000 | 5.120.000 | 4.800.000 | 3.600.000 | 2.450.000 |
| Skammtímalán, breyting | 231.628 | 166.000 | ( 410.688 ) | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir lána | ( 833.058 ) | ( 870.862 ) | ( 1.321.411 ) | ( 1.769.274 ) | ( 2.176.183 ) | ( 2.318.730 ) |
| Handbært fé í lok árs | 22.979 | 73.738 | 145.421 | 138.034 | 120.961 | 130.916 |
| **Lykiltölur:** | | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,63 | 0,46 | 0,48 | 0,42 | 0,39 | 0,40 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,29 | 0,25 | 0,19 | 0,16 | 0,16 | 0,16 |
| Skuldahlutfall | 129% | 142% | 154% | 170% | 170% | 168% |
| Jafnvægisregla | 588.713 | 62.717 | ( 577.788 ) | ( 1.033.236 ) | ( 534.311 ) | 174.406 |
| Skuldaviðmið | 105% | 120% | 135% | 152% | 153% | 152% |

Handbært fé frá rekstri stendur ekki undir afborgunum lána.

Stenst ekki viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri tímabilin 2019-21, 2020-22 og 2021-23 og að skuldaviðmið sé undir 150%*.

*Vegna Covid-19, eru í gildi ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 25/2020 er heimilar sveitarstjórnum að víkja frá skilyrðum um skuldaviðmið og jafnvægisreglu á tímabilinu 2020-2022.



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Fjárhagur Árborgar áætlun 2021-2024

## Fjárhagsáætlun án Stekkjaskóla

Í meðfylgjandi töflu er búið að taka út fjárfestingu og rekstur vegna Stekkjaskóla og lántökur lækkaðar.

| Fjárhagsáætlun - A og B hluti án Stekkjaskóla | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rauntölur | Útkomuspá | Fjárhagsáætlun | | | |
| *fjárhæð í millj.kr.* | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
| Rekstrartekjur | 10.306.037 | 11.278.072 | 12.840.750 | 13.693.317 | 14.925.887 | 15.505.817 |
| Rekstrargjöld | ( 9.554.426 ) | (10.888.538 ) | (12.598.257 ) | (13.163.269 ) | (13.668.135 ) | (14.181.466 ) |
| Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.) | ( 640.509 ) | ( 612.386 ) | ( 566.148 ) | ( 652.261 ) | ( 722.041 ) | ( 780.002 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** | **111.103** | **( 222.852 )** | **( 323.655 )** | **( 122.214 )** | **535.712** | **544.349** |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 18.768.818 | 20.789.796 | 23.300.079 | 25.146.242 | 27.798.018 | 29.210.539 |
| Eigið fé | 5.484.032 | 5.261.177 | 4.937.522 | 4.815.308 | 5.351.020 | 5.895.368 |
| Skuldir og skuldbindingar | 13.284.786 | 15.528.619 | 18.362.558 | 20.330.935 | 22.446.998 | 23.315.171 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Handbært fé í upphafi | 49.123 | 22.979 | 78.794 | 251.499 | 439.769 | 753.498 |
| Handbært fé frá rekstri | 877.853 | 674.523 | 762.099 | 1.083.129 | 1.869.874 | 1.993.870 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 1.502.568 ) | ( 2.523.537 ) | ( 3.007.179 ) | ( 2.422.678 ) | ( 3.194.183 ) | ( 1.987.685 ) |
| Stekkjaskóli | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lántaka | 1.200.000 | 2.610.000 | 4.120.000 | 3.200.000 | 3.600.000 | 2.450.000 |
| Skammtímalán, breyting | 231.628 | 166.000 | ( 410.688 ) | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir lána | ( 833.058 ) | ( 871.171 ) | ( 1.291.527 ) | ( 1.672.181 ) | ( 1.961.961 ) | ( 2.098.005 ) |
| Handbært fé í lok árs | 22.979 | 78.794 | 251.499 | 439.769 | 753.498 | 1.111.677 |
| **Lykiltölur:** | | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,63 | 0,47 | 0,53 | 0,54 | 0,60 | 0,72 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,29 | 0,25 | 0,21 | 0,19 | 0,19 | 0,20 |
| Skuldahlutfall | 129% | 138% | 143% | 148% | 150% | 150% |
| Jafnvægisregla | 588.713 | 83.007 | ( 435.407 ) | ( 668.725 ) | 89.842 | 957.846 |
| Skuldaviðmið | 104% | 116% | 122% | 128% | 130% | 128% |

Handbært fé frá rekstri stendur ekki undir afborgunum lána.

Stenst viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga um skuldaviðmið undir 150% á tímabilinu. Viðmið um jafnvægisreglu næst ekki tímabilin 2019-21 og 2020-22*.

*Vegna Covid-19, eru í gildi ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 25/2020 er heimilar sveitarstjórnum að víkja frá skilyrðum um skuldaviðmið og jafnvægisreglu á tímabilinu 2020-2022.



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Áhrif fjárfestingar á fjárhagsáætlun

## Áhrif á fjárhag

Í meðfylgjandi töflu eru sýnd áhrif fjárfestingar vegna Stekkjaskóla á helstu þætti í rekstri sveitarfélagsins miðað við áætlanir Árborgar um rekstur og fjárfestingu vegna Stekkjaskóla

| Fjárhagsáætlun - A og B hluti áhrif fjárfestingar | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rauntölur | Útkomuspá | Fjárhagsáætlun | | | |
| *fjárhæð í millj.kr.* | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
| Rekstrartekjur | 0 | 0 | 3.990 | 5.300 | 6.700 | 8.000 |
| Rekstrargjöld | ( 0 ) | ( 5.625 ) | ( 88.815 ) | ( 134.772 ) | ( 164.793 ) | ( 176.448 ) |
| Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.) | 0 | ( 11.665 ) | ( 40.265 ) | ( 92.658 ) | ( 118.839 ) | ( 115.930 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** | **0** | **( 17.290 )** | **( 125.090 )** | **( 222.130 )** | **( 276.932 )** | **( 284.378 )** |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 0 | 439.319 | 1.310.173 | 2.649.516 | 2.233.713 | 1.800.489 |
| Eigið fé | 0 | 17.290 | 142.381 | 364.511 | 641.443 | 925.821 |
| Skuldir og skuldbindingar | 0 | 456.609 | 1.452.554 | 3.014.027 | 2.875.156 | 2.726.310 |
| **Lykiltölur:** | | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,00 | 0,00 | -0,05 | -0,12 | -0,21 | -0,32 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,00 | -0,01 | -0,02 | -0,03 | -0,04 | -0,04 |
| Skuldaviðmið | 0% | 4% | 12% | 24% | 23% | 24% |

Rekstrarniðurstaða ársins 2024 er áætluð lægri um 284 millj.kr.

Eigið fé er áætlað lægra um 926 millj.kr. árið 2024

Skuldaviðmið hækkar um 24 prósentustig árið 2024

## Aðferð við mat á áhrifum á fjárhag

Stuðst er við samþykkta fjárhagsáætlun sveitarfélagsins þar sem gert er ráð fyrir fjárfestingunni og rekstraráhrifum af henni. Farin var sú leið að taka út fjárfestinguna og áhrif af henni á rekstur og skoða breytingu á helstu lykiltölum.

Ekki er lagt mat á hver óbein áhrif þess að fara ekki í skólabyggingu myndu hafa á tekjur sveitarfélagsins. Tekjuáætlun er óbreytt.



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Áhrif fjárfestingar á fjárhagsáætlun

## Samþykkt fjárhagsáætlun 2021-2024 og áætlun án fjárfestingar

Lykiltölur í hlutfalli við rekstrartekjur, skuldaviðmið, rekstrarjöfnuður, eiginfjárhlutfall og veltufjárhlutfall í árslok úr ársreikningi Árborgar fyrir árið 2019, útkomuspá 2020 og fjárhagsáætlun 2021-2024, eru eftirfarandi:

**Lykiltölur - A og B hluti fjárhagsáætlun 2021-2024, samþykkt 16. des 2020**

| | Raun 2019 | Útkomu-spá 2020 | Áætlun 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlegð | 12,3% | 8,3% | 6,7% | 8,9% | 13,6% | 13,9% |
| Veltufé frá rekstri | 10,7% | 6,4% | 6,2% | 7,9% | 12,4% | 12,7% |
| Rekstrarniðurstaða | 1,1% | ( 2,1% ) | ( 3,5% ) | ( 2,5% ) | 1,7% | 1,7% |
| Skuldaviðmið | 105% | 120% | 135% | 152% | 153% | 152% |
| Rekstrarjöfnuður 3 ára* | 589 | 63 | ( 578 ) | (1.033 ) | ( 534 ) | 174 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,29 | 0,25 | 0,19 | 0,16 | 0,16 | 0,16 |
| Veltufjárhlutfall | 0,63 | 0,46 | 0,48 | 0,42 | 0,39 | 0,40 |

**Lykiltölur - A og B hluti fjárhagsáætlun 2021-2024, án Stekkjaskóla**

| | Raun 2019 | Útkomu-spá 2020 | Áætlun 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlegð | 12,3% | 8,3% | 7,1% | 9,4% | 14,1% | 14,5% |
| Veltufé frá rekstri | 10,7% | 6,5% | 6,7% | 8,6% | 13,2% | 13,5% |
| Rekstrarniðurstaða | 1,1% | ( 2,0% ) | ( 2,5% ) | ( 0,9% ) | 3,6% | 3,6% |
| Skuldaviðmið | 105% | 116% | 122% | 128% | 130% | 128% |
| Rekstrarjöfnuður 3 ára* | 589 | 83 | ( 435 ) | ( 669 ) | 89 | 958 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,29 | 0,25 | 0,21 | 0,19 | 0,19 | 0,20 |
| Veltufjárhlutfall | 0,63 | 0,46 | 0,53 | 0,54 | 0,60 | 0,72 |

Fjárhæðir í millj. króna.

## Áhrif fjárfestingar á fjárhag

Fjárfesting upp á 3,1 ma.kr. hefur veruleg áhrif á helstu lykiltölur sveitarfélagsins.

Eiginfjárhlutfall veikist um 4 prósentustig, eigið fé lækkar um 925 millj.kr. á fimm ára tímabili.

Veltufjárhlutfall er lágt og veikist vegna fjárfestingarinnar en myndi styrkjast án fjárfestingarinnar.

Reiknað skuldaviðmið hækkar um 12 til 24 prósentustig með fjárfestingunni. Án fjárfestingarinnar myndi sveitarfélagið standast skuldaviðmiðin á tímabilinu.

Rekstrarjöfnuður er áætlaður neikvæður á tímabilinu 2019-21, 2020-22 og 2021-2023, án fjárfestingarinnar myndi nást jákvæður rekstrarjöfnuður á árinu tímabilinu 2021-23.

Framlegðarhlutfall er áætlað 13,9% árið 2024, án fjárfestingarinnar myndi vera það vera um 14,5%.

## Fjárhagsleg staða

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun 2021-2024 mun fjárhagsleg staða Árborgar veikjast á næstu árum og helstu lykiltölur fara yfir viðmiðunarmörk um fjárhagsleg markmið. Veltufjárhlutfall er á bilinu 0,4 – 0,5 en það telst vera gott ef það fer yfir 1.

Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum næst ekki á árunum 2022-2024.

Til að standa undir framtíðarskuldbindingum hefur Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) sett viðmið um 15-20% framlegð frá rekstri, þegar skuldir nema 150% af heildartekjum. Framlegð á tímabilinu fer úr 6,7% - 13,9% og fer því hækkandi, en nær ekki viðmiðum sem EFS hefur sett sveitarfélögum*.

Viðmið um jafnvægi í rekstri næst ekki hluta af tímabilinu.

*Vegna Covid-19, eru í gildi ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 25/2020 er heimilar sveitarstjórnum að víkja frá skilyrðum um skuldaviðmið og jafnvægisreglu á tímabilinu 2020-2022.



© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

kpmg.com/socialmedia

kpmg.com/app

© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.